

Lýsing á Rannsókn

Nafn	Könnun fyrir foreldra hjá dagforeldrum í Kópavogi 2014 21.3.2014
Gerð virk	12.2.2014 - 12:12
Gerð óvirk	5.3.2014 - 8:36
Tímabil	12.2.2014 - 5.3.2014
Aðferð	Tölvupóstkönnun
Númer könnunar	23500

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	191
Fjöldi svarenda	113
Svöruðu ekki	78
Svarhlutfall	59,16%

Árleg viðhorfskönnun foreldrar sem nýta þjónustu dagforeldra í Kópavogi var lögð fyrir í febrúar 2014.

Eins og undanfarin ár er ekki annað að sjá en meirihluti foreldra sé ánægður með daggæslu barna sinna.

Og niðurstöður að flestu leiti svipaðar og árið 2013.

Spurningunni „*Er eitthvað sem þú/þið eruð sérstaklega ánægð með*“? svara 76 og svör þeirra eru helst:

- 1. Að dagforeldrið hafi gott viðmót, sé yndisleg manneskja og frábær, þessi orð og álika koma fram í svörum 57 foreldra.**
- 2. Góða aðstöðu nefna 17 foreldrar.**
- 3. Að dagforeldri fari út með börnin telja 14 foreldrar ástæðu til að nefna sem jákvætt.**

Spurningunni: „*Er eitthvað sem þér/ykkur finnst að betur mætti fara?*“ svara samtals 47 og þar af svara 12 með *nei* þannig að í raun svara 35 foreldrar þeirri spurningu og svörin eru þau helst.

- 1. Vilja að börnin fara oft/meyra út.**
- 2. Ekki nógu gott upplýsingaflæði s.s. um matseðla.**
- 3. Færri foreldrar nefna að þeim finnst dagvistunin mega vera rýmri/sveigjanlegri, dagforeldrið mætti gera meira með barninu s.s. að lesa og lita með börnunum.**

Kópavogi í mars 2014
 María Kristjánsdóttir
 Daggæslufulltrúi.

Nafn dagforeldris

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Dagforeldri	113	100,00%	+/-0,00%
Alls	113	100%	

Meðaltal: 1,00

Hér kemur upptalning á, hjá hvaða dagforeldri barn er í daggæslu.


Dagforeldri:

Hvernig var staðið að aðlögun barnsins hjá dagforeldri ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	95	84,07%	+/-6,75%
Vel	16	14,16%	+/-6,43%
Í meðallagi	2	1,77%	+/-2,43%
EKKI nógu vel	0	0,00%	+/-0,00%
Illu	0	0,00%	+/-0,00%

Alls 113 100%


Meðaltal: 1,18



Hvernig finnst þér/ykkur tekið á móti barninu þegar það mætir til dagforeldris ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	98	86,73%	+/-6,26%
Vel	12	10,62%	+/-5,68%
Í meðallagi	3	2,65%	+/-2,96%
Ekki nógu vel	0	0,00%	+/-0,00%
Illa	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	113	100%	


Meðaltal: 1,16



Hvernig finnst þér/ykkur barnið kvatt þegar það fer heim ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	92	81,42%	+/-7,17%
Vel	18	15,93%	+/-6,75%
Í meðallagi	3	2,65%	+/-2,96%
Ekki nógu vel	0	0,00%	+/-0,00%
Illa	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	113	100%	


Meðaltal: 1,21



Hversu ánægð/ur ert þú með samstarfið við dagforeldrið ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	86	77,48%	+/-7,77%
Ánægð(ur)	19	17,12%	+/-7,01%
Hvorki né	1	0,90%	+/-1,76%
Óánægð(ur)	4	3,60%	+/-3,47%
Mjög óánægð(ur)	1	0,90%	+/-1,76%
Alls	111	100%	


Meðaltal: 1,33



Hvernig samræmist sú umönnun sem barnið fær þeim væntingum sem þú/þið hafið til dagæslunnar ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	78	69,64%	+/-8,52%
Vel	28	25,00%	+/-8,02%
Í meðallagi	1	0,89%	+/-1,74%
Ekki nógu vel	4	3,57%	+/-3,44%
Illá	1	0,89%	+/-1,74%
Alls	112	100%	


Meðaltal: 1,41



Hversu ánægð/ur ert þú með upplýsingar um dagskipulag og matseðil hjá dagforeldri ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	59	52,21%	+/-9,21%
Ánægð(ur)	33	29,20%	+/-8,38%
Hvorki né	15	13,27%	+/-6,26%
Óánægð(ur)	4	3,54%	+/-3,41%
Mjög óánægð(ur)	2	1,77%	+/-2,43%
Alls	113	100%	

Meðaltal: 1,73



Er eitthvað sem þú / þið eruð sérstaklega ánægð með ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
texti	76	100,00%	+/-0,00%
Alls	76	100%	

texti:

- Að aðstaðan er sérstaklega fyrir daggæslu, þ.e. ekki búið á heimilinu
- Aðbúnaður barnanna, mynd í forstofunni, góður matur, yndisleg dagforeldri!
- Aðstaðan er til fyrirmyndar og xxx er mikill fagmaður þegar kemur að börnunum.
- xxx er frábær manneskja sem greinilega þykir mjög vænt um öll börnin sem eru hjá henni. Alltaf gott andrúmsloft inná heimilinu. Bæði barnið og foreldramir upplifa sig part af fjölskyldunni :)
- Allt, hef ekki trúað því hversu ánægð hægt væri að vera með dagmömmu. Dvalartími og útivera með börnum til fyrirmyndar!
- Alltaf snyrtilegt heimilið og mikið lagt í almennileg leikföng og leiktæki fyrir stubbana. Einnig er forstofan með sér hillum og skúffum merktu hverju barni. Allgjörlega 100% í þessu þessar konur!
- Bara hvað hún er rosalega hlý og góð, strákurinn minn sem er algjör mömmu strákur og vill aldrei vera hjá neinum nema mér teygir sig til hennar á morgnana og það er mikið hrós fyrir hana!
- Barnið líður mjög vel, er alltaf brosandí, sofa vel, borða vel, fara út. Allt er í besta lagi.
- Barnið virðist vera mjög ánægð hjá dagforeldri og fer til þess glaður á morgnana. Ánægjulegt að dagforeldri leggur mikið upp úr því að fara út með börnin.
- Dagforeldrar sem tekur öll börn með mismunandi ríkisfang í gæslu.
- Dagforeldrið sýnir börnunum einstaka hlýju sem við erum mjög þakklát fyrir.
- Dagamma kemur vel til móts við þarfir drengjanna og okkar sem foreldra. Það eru góð samskipti á milli.
- Dagmamman er mjög dugleg að fara út með börnin, bæði í göngutúra og að leika.
- Ég er sérstaklega ánægð með hvað xxx er opin fyrir öllu sem við biðjum hana um.
- Ég er sérstaklega ánægð með það hversu góð og hjartahlý þau eru. Dóttir mín elskar xxx og stekkur alltaf í fangið á henni þegar við komum á morgnana.

- Ég er sérstaklega **ánægð með útiveruna** sem hann fær og aðstöðuna þar og einnig matseðilinn.
- **Einstaklega blíð og góð** dagamma með einstakt lag á börnum
- **Einstaklega þæginnlegt og rólegt andrúmsloft** alltaf þegar maður kemur, hvort sem er að skutla eða sækja.
- Ekkert eitt sérstaklega heldur erum við mjög ánægð með allt .
- xxx er **yndisleg hlý og umhugað um börnin**
- Er **dugleg að fara út** með börnin.
- **Fara nánast daglega út**, hollur matur
- **Fer oft út** með börnin
- **Frábær dagmóðir**
- Frábær matur, **mikið af útiveru** og skipulögðum leikjum. **Aðlagar sig að þörfum barnsins.**
- **góð aðstaða**
- **Góð aðstaða** inni fyrir börnin. Ávallt matseðill og tafla hvernig barnið borðaði þann daginn, svaf og e-h sérstakt var. Hún er **mjög ljúf og góð** og allt til fyrirmyndar hjá henni.
- **Góð samskipti**
- **Góð umgjörð**, heimilislegt. Er alltaf til staðar.
- Gott upplýsingaflæði. Mjög ánægð að afleysing er til staðar þegar veikindi koma upp hjá dagforeldrum. **Mínu barni líður greinilega vel hjá þeim.**
- **Gott viðmót**
- Hugsar vel um börnin. **Sýnir þeim áhuga.** Gefur þeim hollt að borða.
- Hún er alveg 100% að mínu skapi, skipulögð og flott dagmóðir, **lætur sér virkilega annt um** drenginn minn og ég finn það vel án allrar uppgerðar.
- **Hún er bara alveg frábær**
- Hún er **dugleg að fara með krakkana út** þegar vel viðrar. Einnig er **dóttir okkar greinilega mjög ánægð að vera hjá henni.**
- **Hún er einstaklega hlý, góð og þolinmód.** Hún aðlagar sig að þörfum barnanna og mætir þeim þar sem þau eru stödd og því sem þau þurfa á að halda. Rosalega ánægð með hana.
- **Hún er hlý og umhyggjusöm** við börnin og þeim líður vel hjá henni.
- Hún **fer út að labba** með öll börnin í þar til gerðri kerru, svo er hún með **góða aðstöðu** fyrir börnin að leika úti.
- Hún stendur sig mjög vel, erum mjög ánægð með hennar vinnu.
- **Hvað hún er róleg, góð, blíð og umhyggjusöm.** Barnið mitt er alltaf glatt að koma til hennar.
- **Hve oft þau fara út að leika**, oftast tvisvar á dag.
- **Hversu yndisleg hún xxx er** við öll börnin og aðstaðan hjá henni er góð.
- Já - xxx **er sérstaklega hlý og yndisleg** og hefur verið gott að skilja barnið mitt eftir hjá henni frá fyrsta degi. **Afslappað og notalegt andrúmsloft** einkennir heimilið hennar. **Samskiptin eru góð.** Allt eins og það á að vera. Ég er ein af þeim sem þætti vænt um að setja barnið mitt beint á ungarnaleikskóla því þar er meira eftirlit og öryggi (fleira starfsfólk).. en þegar maður lendir á svona dásamlegri konu þá hætta maður að vera eins upptekin af því ,)
- **xxx er bara yndisleg** í alla staði, barninu mínu líður alveg einstaklega vel hjá henni.
- Maður fær að fylgjast vel með daglegu starfi, í máli og myndum
- xxx hefur einstakt lag á börnum og **börnin elska xxx sína.**
- Matarval mjög gott, greinilega **vel hugsað um barnið þar sem hann er alltaf ánægður** þegar hann kemur.
- **Mikil aðstoð og velvilji** í kringum veikindi, hún aðstoðaði með lyfjagjöf yfir daginn og veitir barninu mikla athygli
- **Mikil útivera.**
- Mjög ánægð að hún er með lokaða facebook síðu um daggæsluna og er dugleg að setja inn myndir og fréttir af börnunum ásamt því hvað þau fengu að borða yfir daginn. Líka **mjög ánægð með að hún fer út með börnin** á hverjum degi.
- Mjög ánægð með að dagmómmurnar **eru með sérhúsnæði fyrir starfsemina**, þ.e.a.s. að þetta sé ekki inn á heimilinu. Mjög ánægð með að það eru mjög sjaldan forföll. **Þær fylgjast einnig vel með heilsu barnsins**, þ.e.a.s ef barnið er að verða veikt. Einnig eru þær með daginn skipt í dagsskrá, sem er gott (söngstund, svefnstund...). Góður heimilismatur. Útvega bleiur.
- **Mjög ánægð með ummönunina** sem sonur minn fær. Hún nær mjög vel til hans og treystir henni greinilega vel. Hún er greinilega að örva börnin og kenna þeim ýmsa hluti s.s. dýrahljóð o.fl.
- **Mjög góð samskipti.** Notalegt og afslappað andrúmsloft og öll fjölskyldan tekur vel á móti okkur. Börnin fá að vera á fleiri en einum stað í húsinu og **hafa mikið og gott leikpláss.**
- **Mjög góð útiaðstaða** og þarf ekki að fara heim með vagn
- nei
- **Rosalega góðar** við börnin
- Sérstaklega ánægð með matinn sem barnið okkar fær og líka **hversu góð aðstaðan er.** xxx er **algjörlega frábær** dagamma.
- **Sérstaklega þolinmóður og jákvæður**
- **Staðsetning** og það er farið með börnin út.

- **Syni mínum líður mjög vel** hjá xxx, hann bæði borðar betur hjá henni og sefur meira en heima hjá sér.
- Þjálfunin sem hann hefur fengið til þess að fara aftur á bak niður stiga og úr sófa. **Hvað hún fylgist vel með börnunum.**
- xxx **er traust, góð við börnin og hugsar vel um þau. Dugleg að fara út í göngutúra** og að hitta aðrar dagmæður. Hrein og bein, sveigjanleg og **mjög góð samskipti, hún hefur reynst okkur rosalega vel og boðist til að aðstoða að fyrri bragði, einstök!** Við gætum ekki verið heppnari með dagmóður og dóttir okkar er alltaf glöð að fara til hennar á morgnana.
- xxx **er alveg einstaklega hlý og góð og augljóst að hún ber hag barnsins míns fyrir brjósti.** Ég var mjög skeptísk á að fá dagmömmu svo ég er yfir mig ánægð með þessa reynslu.
- **Umhyggjuna sem er sýnd, að börnin leika úti** og bara **almennt hlýlegt viðmót.** Líka ánægð með að það eru hundar á heimilinu og börnin venjast þá umgengni við dýr.
- **Umhyggjusöm og góð,** er dugleg að gera hluti með þeim þó ég vitið að það geti verið erfitt þar sem aldurabilið er dreift - ekki sömu þarfir fyrir 6 mánaða eða 2 ára. Á stráka sem eru oft að sniglast með sem mér finnst frábært.
- **Útiveru**
- **Útiveruna og hlýjuna sem að xxx sýnir börnunum. Þolinmæði hennar og hreinlæti er til fyrirmyndar.**
- Við erum sérstaklega **ánægð með hversu einstaklega ljúf og góð** xxx er við börnin. Þeim er ofsalega vel sinnt hjá henni. Dóttir okkar líður mjög vel hjá henni og er kát að fara til hennar á morgnana.
- **Viðhorf xxx til barnanna og viðmót.**
- **Viðmót xxx**
- **Viðmót dagmömmunnar er frábært, alltaf jákvæð og glöð. Finnum fyrir hlýju og ástúð** í garðs sonar okkar. Honum líður einstaklega vel hjá henni.
- **Viðmót hennar og hlýju. Yndisleg manneskja sem gefur mikið af sér.** Gæti ekki hugsað mér betra dagforeldri.
- **Viðmót** og sveigjanleika, fáir veikindadagar
- **viðmót og umhyggjan** fyrir börnunum, barnið mitt elskar að komast í xxx fang
- **Yndisleg og frábær** dagmóðir sem við lítum á sem lottóvinnig að sonur okkar fái að vera hjá.
- **Yndislegt viðmót** hjá dagmömmunni gagnvart barninu, **mjög heimilislegt** og greinilegt að börnunum líður vel.

Er eitthvað sem þér / ykkur finnst að betur mætti fara ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
texti	47	100,00%	+/-0,00%
Alls	47	100%	

texti:

- Mætti bjóða upp á ávaxtastund
- **Dagskipulag og matseðlar** (*Vantar, innskot MK*). Væri gott að fá svoleiðis
- Dagvinnutíminn mætti vera lengri en sléttir 8 tímar.
- Dagvistunartíminn mætti vera rýmra
- Ef hægt væri að koma því við að **hafa t.d. matseðil fyrir vikuna** og aðrar upplýsingar. Væri einnig gott að vita, ef hægt er, langtímaáætlun dagforeldris, t.d. varðandi fri og annað.
- ekkert að svo stöddu
- **Fara oftar út** að leika
- Finnst Kópavogsbær mætti standa sig betur þegar kemur að söltun og söndun við gæsluvöllinn sem dagmæðurnar eru með starfssemi sína í.
- Framkoma (*mætti vera betri ? innskot MK*)
- (*Vantar innskot MK*) Frekari **upplýsingar um matseðil vikunnar.**
- Hefði mátt vera **meiri útivera** þegar hún byrjaði í ágúst. Lítið var farið út með börnin fyrr en hún fékk kerru núna í janúar. Hins vegar er búið að vera leiðinlegt veður svo ég frekar að barnið mitt sé inni og öruggt heldur en rokið út með það í öllum veðrum.
- Held að þær mættu kannski **fara aðeins oftar út** með börnin, en það hefur kannski ekkert verið mikið veður eða færð til þess í vetur.
- hollari matur
- Hún mætti gera meira með börnunum, **fara með þau út**, lita og svoleiðis en aldursmunurinn á börnunum gerir það líklega erfitt.
- Inni húsið og leikfanga stað, betri þrif og engan dýr nær börnum. Meira niðurgreiðslu frá bænum og opna deild í leikskólanum fyrir börn undir 18 mánaða .

- ja, það **vantar upplýsingar um það hvað barnið borðar á daginn og hvernig barnið tekur til matar síns.** Einnig vantar upplýsingar um hversu mikið barnið sefur á daginn. (það væri einfalt að vera með töflu í andyri með þessar upplýsingar á) Eins mætti láta vita með betri fyrirvara með læknisheimsóknir og jarðarfari. Eins þarf að túlka betur í samningi hvað þýðir samkomulag um læknisheimsóknir og jarðarfari dagforeldris og hvort foreldri eigi að greiða fyrir vistun sem barn er ekki vegna t.d. þessara fjarvera! Eins með auka frídaga hjá dagforeldri og veikindadaga
- Kannski aðallega maturinn..
- Mætti fa kvittun
- Mætti fara aðeins út með þau einhvern tíman yfir daginn (líklegast bara veður aðstæður. Mikil hálka úti og rok núna)
- Mætti **fara meira** út í góðu veðri
- Mætti **fara oftar út**
- Mætti kannski **vera meira um skráðar upplýsingar** um mat og svefn, gott að vita en gleymi stundum að ræða.
- Mætti vera aðstaða til að setjast niður og klæða í og úr útiföt, solið bras stundum. Annað mál sem snýr að kostnaði- þetta er að sliga mann að þurfa að greiða svona háa upphæð bara í þetta- ég næ ekki endum saman, þetta er hluti af því
- Man ekki eftir neinu sem ég sé ástæðu til að kvarta yfir
- **Matseðill** (Vantar innskot MK)
- **Meiri upplýsingar um matseðil.**
- Samræma mætti frídaga við frídaga leik og grunnskóla
- Þó hér sé notað mjög lítið af sykri, væri enn þá betra ef hægt væri að sleppa honum alveg.
- Væri kostur að hafa **betra aðgengi að útivist** - en mér finnst það skipta mun minna máli en almenn umhyggjusemi og hlýja.
- vantar að **börnin séu sett stundum** út þegar veður og færð leyfir
- Veit ekki hvort það er gert yfir höfuð en finnst að lestur fyrir börnin og jafnvel söngur mætti vera..

Hvað er barnið þitt marga tíma á dag hjá dagforeldri ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
texti	108	100,00%	+/-0,00%
Alls	108	100%	

Meðaltal: 1,00

texti:

Hér svara foreldrar að þeir greiði fyrir 6 – 9 tíma (nokkrir greiða fyrir 9 en nýta 8 tíma). Lang flestir svara því að þeir greiði fyrir 8 tíma, eða alls 70 af 108 foreldrum.

Hvað greiðir þú fyrir daggæsluna á mánuði ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
texti	105	100,00%	+/-0,00%
Alls	105	100%	


Meðaltal: 1,00

texti: **Hér svara foreldrar því til að þau greiði frá 30.000. – 50.000.- Flestir svara 45.000.- - 50.000.- eða 64 af 105.**

Hvernig líkar þér þjónusta Menntasviðs Kópavogsbæjar ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög vel	7	6,25%	+/-4,48%
Vel	29	25,89%	+/-8,11%
Hvorki né	43	38,39%	+/-9,01%
Ekki nógu vel	7	6,25%	+/-4,48%
Illa	3	2,68%	+/-2,99%
Á ekki við	23	20,54%	+/-7,48%
Alls	112	100%	

Meðaltal: 3,35



Upplýsingar um hvernig tölfræði skýrslunnar er reiknuð

A. Tölflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru birtar í töflum og gröfum. Texti spurningarinnar sést efst í töflunni. Í töflunni eru birtir allir svarmöguleikar ásamt fjölda þeirra sem velja hvern svarmöguleika, prósentutölur og vikmörk hlutfalla. Töflurnar sem birta samkeyrslu (greiningu) spurninga sýna heildarfjölda svarenda sem svara tiltekinni spurningu, sniðmengi svara eru þeir þátttakendur sem svara báðum spurningum, þ.e. þeirri sem verið er að greina og þeirri sem verið er að greina eftir. Niðurstöður útreikninganna má birta ýmist eða bæði sem prósentu- eða fjöldatölu.

B. Vikmörk hlutfalla

Til að meta gildi niðurstaða rétt þarf grundvallarskilning á vikmörkum hlutfalla. Vikmörk hlutfalla segja til um hversu nálægt rétt niðurstaða er með einhverri tiltekinni vissu. Sem stendur segir þessi tala okkur með 95% vissu að hlutfall svarenda liggja á útreiknuðu bili +/- vikmörkin (hlutfall svara getur auðvitað ekki orðið minna en 0% eða meira en 100%). Dæmi: sé hlutfall svarmöguleikans "mjög gott" 78% og vikmörkin 4,5%, er vitað með 95% vissu að hlutfallið liggur á bilinu, 73,5% - 82,5% (78% +/- 4,5%).

C. Gröf

Gröf í Outcome eru ýmist súlurit, kökurit eða línurit. Með þeim myndrænan hátt meta niðurstöður hverrar spurningar.